

# Kennsluáætlun

Textílmennt

Veturinn 2019-2020

2. bekkur

Kennari: Kristbjörg Hermannsdóttir

Verkgreinar í grunnskóla eiga það sameiginlegt að stuðla að alhliða þroska nemenda og búa þá undir daglegt líf og frekara nám á sviði verkgreina. Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði. Í þeim fá nemendur tækifæri til að beita ímyndunaraflinu sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verkfærni til að takast á við umhverfi sitt í markvissum tilgangi. Nemendur þjálfa hæfileika til að leita lausna á vandamálum, verða sjálfstæðir í verki, og læra að líta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum. Verklegr kunnátta hvílir á hefðum, tækni og verklagi sem mikilvægt er að nýjar kynslóðir tileinki sér. Nemandinn fæst við verkefni sem hæfa þroska hans, gerir tilraunir og nýtir tækni í vinnu sinni. Þetta eykur sjálfsöryggi og starfsánægju og gefur jafnframt tækifæri til sköpunar.

Verkgreinar sem kennslugreinar eiga sér langa sögu. Markmið þeirra hefur bæði verið að búa nemendur undir verkleg störf og einnig stuðla að alhliða þroska þeirra. Umhverfi okkar byggist að miklu leyti á tækni sem er einn af skapandi þáttum menningar og mótar ásýnd hennar, inntak, merkingu og tilgang. Í starfsumhverfi nútímans eru gerðar sífellt auknar kröfur til tækniþekkingar og skilnings. Í verkgreinum öðlast nemendur skilning á umhverfi sínu sem og grundvallarþekkingu. Verkfærni og skilningur, sem byggist á rótgrónum hefðum handverks, er einnig undirstaða að öflugri verkmenningu og nýsköpun. Að skilja og vera læs á umhverfið er forsenda þess að hafa áhrif á það.

Kennsla verkgreina er liður í því að skapa virðingu og jákvætt viðhorf til verklegrar vinnu og er einnig undirbúningur undir framhaldsnám í verklegum greinum. Hlutverk kennarans er að leiða nemandann þannig að hann verði sjálfstæður í verki, öðlist færni í að leysa vandamál, þjálfi eigið fagurskyn og skynhreyfifærni. Verkgreinar eru því hvoru tveggja góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

## Lykilhæfni

Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Hæfniviðmið **við lok 4. bekkjar** samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla greinasvið 2013.

## Handverk, aðferðir og tækni.

- notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum,
- unnið úr nokkrum gerðum textílefna,
- unnið eftir einföldum leiðbeiningum.

## Sköpun, hönnun og útfærsla.

- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu,
- skreytt textílvinnu á einfaldan hátt,
- gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni,
- leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum.

### **Menning og umhverfi.**

- sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt,
- sagt frá nokkrum tegundum textílefna,
- fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna,
- Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.

### **Grunnþættir**

Samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: *Læsi – sjálfbærni - lýðræði og mannréttindi – jafnrétti - heilbrigði og velferð - sköpun.*

Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmennt er tækifæri til þess að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda.

### **Námsefni:**

- Uppskriftir og vinnulýsingar frá kennara
- Fagblöð, bækur og internetið

### **Markmið í 2. bekk þar sem horft er til hæfnimarkmiða yngsta stigs samkvæmt aðalnámsskrá:**

Að nemendur

- noti einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum
- þjálfí þræðispor í mismunandi efni
- læri tunguspor
- vinni lítið verkefni í hveitibatik
- læri að ganga frá endum
- þæfi í þrívídd og tvívídd
- læri fingurprjón
- þjálfist að klippa út eftir sniði í efni
- skreyti textílvinnu á einfaldan hátt
- vinni úr nokkrum gerðum textílefna
- fái innsýn í ferli textílhönnunar
- geti sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt
- geti tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu
- gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni
- þjálfist í að vinna eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum
- hlusti og fylgi leiðbeiningum kennara
- vinni af áhuga og samvirkusemi
- þjálfist frjóa og skapandi hugsun
- sýni umburðarlyndi og hjálpssemi
- vandi frágang á verkefnum
- gangi frá eftir sig
- gangi vel um tól og tæki í kennslustofunni

### **Leiðir:**

Nemendur vinni verkefni með leiðsögn kennara þar sem leitast er við að efla sköpunarhæfileika og sjálfstraust þeirra. Hæfniviðmið eru höfð til hliðsjónar við verkefnaval.

### **Námsmat:**

Stuðst er við frammistöðumat þar sem m.a. virkni og vinnubrögð í tímum eru metin. Auk þess er horft til allra hæfnimarkmiða og einstakir matsþættir valdir og metnir sérstaklega.

**Verkefni skólaárið 2019-2020**  
**2.bekkur**

Verkefni	Lýsing	Hæfniviðið
Brjóstmynd	Myndefnið er dýr. Myndin er unnin með blýanti á blað og dregin í gegn á léreft jafnstórt blaðinu, með hveitijöfnu (hveitibatik). Eftir að myndin hefur verið máluð er saumað út í hana með þræði spori, aftursting og tunguspori. Undirlag er þæft og myndin saumuð á með þræðispori. <b>Verkefnið er unnið í samvinnu við myndmennt.</b>	<p>noti einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum</p> <p>skreyti textílvinnu á einfaldan hátt</p> <p>vinni úr nokkrum gerðum textílefna</p> <p>geti tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu</p> <p>gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni</p> <p>þjálfist í að vinna eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum</p>
Þæfð kisa	Höfuðið er þæft úr ullarkembu og mótað í egglega form.... <b>Þrívídd rædd.</b> Nemendur sjá sjálfir um að búa til eyru, klippa veiðihár og festa augu á höfuðið, ásamt því að vefja bandi um hólk sem er búkur kattarins.	<p>noti einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum</p> <p>skreyti textílvinnu á einfaldan hátt</p> <p>vinni úr nokkrum gerðum textílefna</p> <p>gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni</p> <p>þjálfist í að vinna eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum</p>
Fingurprjón	Nemendur læra fingurprjón og búa til slöngur, kolkrabba eða fiðrildi úr afrakstrinum hafi þau áhuga á því.	<p>noti einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum</p> <p>skreyti textílvinnu á einfaldan hátt</p> <p>vinni úr nokkrum gerðum textílefna</p> <p>gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni</p> <p>þjálfist í að vinna eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum</p>

Húfubandið mitt	Nemendur fá sniðin húfubönd sem þau sauma saman í höndum og skreyta að vild með útsaum og ásaumuðum perlum og tölum.	<p>noti einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum</p> <p>skreyti textílvinnu á einfaldan hátt</p> <p>vinni úr nokkrum gerðum textílefna</p> <p>geti tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu</p> <p>gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni</p> <p>þjálfist í að vinna eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum</p>
Lítið filt verkefni	Filt verkefni klippt eftir sniði og saumuð saman með þræðispori.	<p>noti einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum</p> <p>skreyti textílvinnu á einfaldan hátt</p> <p>vinni úr nokkrum gerðum textílefna</p> <p>gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni</p> <p>þjálfist í að vinna eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum</p>
Ofinn karl/kerling	Nemendur teikna fígúru á blað sem stungið er undir uppistöðu og ofið eftir litasamsetningum. Nef, augu og munnur límd á og fígúran fest við grein þannig að hægt sé að hengja hana upp.	<p>noti einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum</p> <p>skreyti textílvinnu á einfaldan hátt</p> <p>vinni úr nokkrum gerðum textílefna</p> <p>geti tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu</p> <p>gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni</p> <p>þjálfist í að vinna eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum</p>
Jóla og páskaverkefni	Boðið verður upp á fjölbreytt jóla og páskaverkefni í aðdraganda hátíðanna þar sem nemendur geta valið á milli mismunandi verkefna hafi þeir áhuga á því.	

Tröllið mitt	Saumað úr filtefni eftir eigin hönnun. Hvernig verður hugmynd að fullnum hlut.	<p>noti einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum</p> <p>skreyti textílvinnu á einfaldan hátt</p> <p>vinni úr nokkrum gerðum textílefna</p> <p>geti tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu</p> <p>gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni</p> <p>þjálfist í að vinna eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum</p>
Umræða	Hvernig eru verkin mín og hvaðan koma hugmyndirnar. Umræða í hópnum þar sem nemendum gefst kostur á að meta eigin verk.	
Aukaverkefni	<p>Klippimynd úr afgangum</p> <p>Vinaarmbömbönd á vefspjaldi</p> <p>Handsaumuð bókamerki</p> <p>Gata mynd á karton með grófri nál og þræða</p> <p>Puttahekl</p> <p>Vinabönd, snúin, fléttuð, puttahekl</p> <p>Bretta prjón</p> <p>Teikningar af eigin hönnun og hugmyndum</p> <p>prjónakerling</p>	

Birt með fyrirvara um breytingar  
Kristbjörg Hermannsdóttir

